

## Fréttatilkynning frá InDefence

### Samningur um Icesave er efnahagslegt sjálfsmorð

Samninganefnd Íslands, í umboði ríkisstjórnar Íslands, hefur í skjóli nætur undirritað samning við Breta og Hollendinga um ábyrgðir vegna erlendra innlánseigenda í Icesave. Þetta er einn verstí samningur sem nokkur þjóð hefur gengist við frá því að Þjóðverjar undirrituðu Versalasarinnana um stríðsskaðabætur við lok fyrri heimsstyrjaldar. Samkvæmt takmörkuðum upplýsingum frá íslenskum stjórnvöldum nema Icesave skuldbindingar íslensku þjóðarinnar um 660 milljörðum króna og bera 5,55% vexti á sama tíma og vextir í heiminum eru mun lægri.

Samningurinn hefur verið ranglega kynntur, meðal annars þannig að aðeins 25% upphæðarinnar falli undir ríkisábyrgð. Þetta er alrangt. Öll upphæðin ásamt vöxtum fellur undir ríkisábyrgð, en fjármunir sem innheimtast fyrir eignir Landsbankans munu ganga til greiðslu. Alger óvissa ríkir um það hvað fæst fyrir þær eignir og öll sú óvissa fellur á íslenska skattborgara. Allt tal um óbeina og takmarkaða ábyrgð er aðeins til þess að villa um fyrir þjóðinni. Staðreyndin er sú að ef eitthvað lán í eignasafni Landsbankans tapast mun íslenska ríkið greiða andvirði þess með 5,55% vöxtum. Slíkar ábyrgðir hafa áhrif, jafnvel þó til séu eignir á móti, og þessi samningur mun því nær örugglega leiða til þess að lánshæfismat Íslands lækkar. Ríkið er í dag í lánshæfisflokk BBB - sem er næsti flokkur fyrir ofan lítt veðhæf skuldabréf (Junk bonds). Ef lánshæfismatið lækkar enn frekar munu afleiðingarnar verða geigvænlegar fyrir sveitarfélög, fyrirtæki og heimili í landinu.

#### Mörg grunnatriði samningsins eru óásættanleg fyrir íslensku þjóðina:

1. Samningurinn mun nær örugglega leiða til lækunar lánshæfismats íslenska ríkisins með skelfilegum afleiðingum fyrir ríki, sveitarfélög, fyrirtæki og heimilin í landinu.
2. 5,55% vextir á láni í pundum og Evrum eru fullkomlega óásættanlegir miðað við eðlilegt vaxtaumhverfi í dag. Vextir Englandsbanka eru í dag 0,5%.
3. Engar takmarkanir eru settar við ábyrgð Íslands og öll óvissa varðandi eignir Landsbankans og endanlega skuldsetningu vegna samningsins lendir á Íslandi. Það er óásættanlegt fyrir komandi kynslóðir.
4. Ekkert tillit er tekið til þess skaða sem notkun Breta á and-hryðjuverkalögum ollu íslenskum efnahag, Seðlabanka Íslands, orðspori Íslands gagnvart umheiminum og ekki síst íslenskum fyrirtækjum. Í samningnum gefur íslenska ríkisstjórnin endanlega frá sér alla möguleika á að sækja bætur fyrir þennan skaða fyrir dómstólum. Það er óásættanleg uppgjöf.
5. Það ER ríkisábyrgð á ALLRI upphæðinni OG vaxtagreiðslum af henni. Að ríkið taki aðeins ábyrgð á 25% upphæðarinnar er einfaldlega RANGT.
6. Ekki hefur verið kveðið upp fyrir hlutlausum dómstólum að íslenska ríkinu beri lagaleg skylda til að taka á sig þessar skuldbindingar og sjónarmiðum virtra lögfræðinga um hið gagnstæða hefur að því er virðist enginn gaumur verið gefinn. Það er ekki aðeins óásættanlegt heldur beinlínis óverjandi.

**Staðreyndirnar eru augljósar.** Með þessum samningi fá Bretar og Hollendingar ítrustu kröfur sínar samþykktar, ríkisábyrgð á allri greiðslunni og ofurháa 5,55% vexti. Ekkert tillit hefur verið tekið til stöðu Íslands af hálfu Breta og Hollendinga. Samningurinn tekur þannig ekkert tillit til þess að lagalegur vafi leikur á réttmæti krafanna, að skuldbindingin gæti borið þjóðarúið ofurliði og að Bretar hafi beitt hryðjuverkalögum gegn Íslandi og Landsbankanum með tilheyrandi tjóni.

**Lausn málsins er sú að semja þarf upp á nýtt, ekki einungis við bresk og hollensk stjórnvöld heldur alla kröfuhafa Íslands til að tryggja að staða Íslands verði lífvænleg.** Í tilfalli Breta þarf að semja við þá að teknu tilliti til þess tjóns sem íslenskt viðskiptalíf og stjórnvöld urðu fyrir með setningu hryðjuverkalaganna og því að breska fjármálaeftirlitið varð þess valdandi að stærsta fyrirtæki Íslands, Kaupþing banki, féll. Vaxtakjör þarf að

endurskoða enda ljóst að hvert prósent í lækkun vaxta skiptir tugmilljörðum. Hið allra minnsta er bráðnauðsynlegt samkomulagið verði ekki samþykkt á Alþingi nema staðfesting alþjóðlegs lánsþæfismatsfyrirtækis fái á því að lánsþæfismat Íslands muni ekki lækka vegna samningsins eða hann koma í veg fyrir eðlilega hækkun í framtíðinni.

**Undirskrift samningsins byggir á þeirri forsendu** að Alþingi veiti samþykki sitt fyrir ríkisábyrgð á þeim skuldbindingum sem um ræðir. InDefence samtökin hvetja kjörma fulltrúa íslensku þjóðarinnar á Alþingi eindregið til að hafna eða takmarka ríkisábyrgð vegna samningsins svo finna megi lausn á Icesave deilunni sem tekur tillit til allra þeirra mikilvægu atriða sem nefnd eru hér að ofan. Samþykkt Alþingis nú jafngildir efnahagslegu sjálfsmorði Íslands.

-----  
InDefence eru óháð samtök sem höfðu það að meginmarkmiði að mótmæla því að íslenska ríkið, Seðlabankinn og Landsbanki Íslands voru beitt hryðjuverkalögum.

InDefence skipulagði stærstu undirskriftarsöfnun Íslandssögunnar og hreyfingin er með með tengsl við fjölmörgu sem og stjórnámálamenn víða um heim.

InDefence afhentu undirskriftir 83 þúsund manna í við athöfn í breska þinginu í Lundúnum þann 17. mars 2009.

Forsvarsmenn InDefence eiga það sameiginlegt að hafa numið og starfað á Bretlandseyjum, en hafa ólíkar skoðanir á stjórnámálum almennt.

Nánari upplýsingar veitir:

Magnús Árni Skúlason í síma 8220401 eða tölvupósti [cc@indefence.is](mailto:cc@indefence.is)

## Fylgiskjal

Mikilvægar spurningar varðandi Icesave samninginn.

Ríkisábyrgð vegna Icesavesamningsins fer fyrir Alþingi til samþykktar eða synjunar í þessari viku og af því tilefni telur InDefence hópurinn nauðsynlegt að þingmenn minnst þess að í 48. grein stjórnarskrár Lýðveldisins segir að Alþingismenn séu aðeins bundnir við sannfæringu sína.

**Afar mikilvægt er að Alþingismenn svari eftirfarandi samviskuspurningum, eða krefjist svara af þar til bærum aðilum, áður en þeir greiða atkvæði með Icesave samningnum:**

1. Eru vextir á láni í pundum og Evrum upp á 5,55% ásættanlegir þegar vextir Englandsbanka eru 0,5%? Af hverju taka vextimir ekki mið af því að um ríkisábyrgð er að ræða?
2. Er einhver fyrirvari í samningum um það ef samningurinn leiðir til láshæfislækkunar Íslands eða kemur í veg fyrir að láshæfismatið hækki eðlilega?
3. Er komin staðfesting frá alþjóðlegu láshæfismatsfyrirtæki um að láshæfismat Íslands muni ekki lækka vegna samningsins eða hann koma í veg fyrir eðlilega hækkun í framtíðinni?
4. Hver verða áhrif samnings á gengi íslensku krónunnar? Ef það fellur í kjölfarið þá er ljóst að bæði fólk og fyrirtæki munu fara í þrot ásamt því að hér verður óðaverðbólga.
5. Eru einhverjir fyrirvarar í samkomulaginu um það ef gengi krónunnar lækkar enn meira eða ef þjóðarframleiðsla dregst saman?
6. Er fyrirvari í samningnum um það ef neyðarlögin standast ekki umfjöllun dómstóla?
7. Er einhver aðili tilbúinn að taka opinberlega ábyrgð á því verðmati á eignum Landsbankans sem lagt er til grundvallar samkomulaginu?
8. Ef verðmatið á eignum Landsbankans er rétt, hvers vegna eru Bretar og Hollendingar ekki tilbúnir til að taka eignirnar yfir samkvæmt því? Af hverju er ekki hægt að selja eignirnar á því verðmati á markaði?
9. Að kröfu Evrópusambandsþjóðanna 27 lýstu íslensk stjórnvöld í nóvember yfir ábyrgð á innistæðu tryggingarsjóðs innlána og héldu þannig tiltrú sparifjäreigenda á Evrópska innlánstryggingakerfinu - gegn því að fá afar hagstæð lán til endurgreiðslunnar með takmarkaðri greiðslubyrði, halda rétti sínum til málshöfðunar og eiga endurkröfurétt í nýtt samevrópskt innlánstryggingakerfi. Hverjar eru efnidirnar í samningi við Breta og Hollendinga?
10. Hvað fá íslenskir skattgreiðendur í þessum samningi fyrir það að gangast í ábyrgð til þess að forða fjármálastofnunum Evrópu frá áhlaupi sparifjäreigenda?
11. Munu Íslendingar eiga endurkröfurétt í nýtt samevrópskt innlánstryggingakerfi, og hvenær lítur það dagsins ljós?
12. Hvers vegna er ekki þak á greiðslubyrði tengt árlegri þjóðarframleiðslu?
13. Gefur samningurinn einhverja von um bætur fyrir efnahagslegan skaða íslensku þjóðarinnar vegna beitingar hryðjuverkalaga á íslenska ríkið, Seðlabankann og Landsbanka. Munu íslensk stjórnvöld leita réttar síns fyrir breskum og alþjóðlegum dómstólum?
14. Bresk yfirvöld segja að þetta séu aðskildir hagsmunir en þau hafa ekki litið svo á þegar um IMF og Icesave er að ræða. Er þessi samningur gerður á jafnræðisgrundvelli í ljósi áhrifa Breta í IMF og lykilstöðu IMF á Íslandi um þessar mundir?
15. Hvers vegna liggur svo á að ljúka samningnum núna, ef ekki á að greiða af láni fyrr en eftir sjö ár?

**Rétt er að ítreka að undirskrift samningsins byggir á þeirri forsendu** að Alþingi veiti samþykki sitt fyrir ríkisábyrgð á þeim skuldbindingum sem um ræðir. InDefence samtökin hvetja kjörna fulltrúa íslensku þjóðarinnar á Alþingi eindregið til að hafna ríkisábyrgð vegna samningsins svo finna megi lausn á Icesave deilunni sem tekur tillit til allra þeirra mikilvægu atriða sem nefnd eru hér að ofan. Samþykkt Alþingis nú jafngildir efnahagslegu sjálfsmorði Íslands.

## Fylgiskjal B

### Sex umhugsunarefni varðandi Icesave samkomulagið

Ríkisstjórn Íslands talar um Icesave samkomulagið eins og það sé skýrt, einfalt og besta lausn málsins sem stendur til boða. En þegar betur er að gáð felast í samkomulaginu skelfilegir óvissuþættir sem nauðsynlegt er að gera sér góða grein fyrir. Hér að neðan er stiklað á stóru varðandi sex grundvallarþætti samkomulagsins og þau áhrif sem það mun að óbreyttu hafa á íslenskt efnahagslíf.

#### 1) Vaxtakjör og lántími

- a. 5,55% vextir eru allt of háir – þetta er ríkisábyrgð
  - i. Til samanburðar eru stýrivextir Seðlabanka Bretlands nú 0,5% og 12 mánaða Libor vextir 1,6%.
- b. Vextir af lánasafni Landsbankans eru lægri en vextir lánsins og því hækka skuldir hraðar en eignimar og nettó skuld eykst með tíma.
- c. Fréttastofa RÚV reiknar það út að skuldbindingin verði um 420ma.kr. gangi forsendur samningsins eftir ekki 170 ma.kr eins og lesa má úr fréttatilkynningu ríkisstjórnarinnar. Þetta er munur upp á 250ma.kr.
- d. Það er því verið að setja þungar skuldbindingar inn í framtíðina og vona að allt reddist.

#### 2) Lánið er í erlendri mynt / heildar staðan

- a. Lánið vegna samningsins er í erlendri mynt og til að geta borgað af nýju erlendu láni þarf jákvæðan greiðslujöfnuð við útlönd.
- b. Þar sem lánið vegna samningsins er í erlendri mynt verður að setja það inn í heildaráætlun um greiðslujöfnuð landsins þar sem tekið er tillit til allra annarra skuldbindinga Íslendinga, s.s.
  - i. ISK bréf í eigu erlendra aðila (Jöklabréf).
  - ii. IMF lánið og lán Norðurlandanna
  - iii. Lán nýju bankanna
  - iv. Lán opinberra fyrirtækja (sem ekki eru með tekjur til móts í erlendri mynt t.d. OR)
  - v. Lán sveitarfélaga í erlendri mynt
  - vi. Lán íslenskra fyrirtækja og heimila.
- c. Til þess að geta jafnvel bara borgað vaxtagreiðslunar vegna þessa samnings þarf greiðslujöfnuður framtíðarinnar stöðugt að vera umtalsvert hærrí en mesti afgangur af viðskiptajöfnuði Íslendinga síðustu 25 ár.
- d. Skuldin sjálf mun valda lækkun á gengi ISK í framtíðinni og hugsanlega í mjög langan tíma ef illa tekst til.
- e. Framlengir vandamálið með gengi krónunnar.
  - i. Stærðagráðan m.v. forsendur samningsins er sú sama og jöklabréfvandamálið.
  - ii. Þegar búið verður að leysa jöklabréfin úr kerfinu tekur Icesave samkomulagið við.
  - iii. Útstreymi erlends fjármagns verður því viðvarandi næstu 15 ár hið minnsta.
- f. Þetta þýðir að líkur á styrkingu krónunnar á næstu 15 árum eru nánast engar jafnvel þó forsendur samnings gangi eftir. Jafnvel líkur á veikingu.
- g. Forsætisráðherra segir að skuldin lækki um 6 ma.kr. við 1% styrkingu krónunnar en hún hækkar þá einnig um 6ma.kr. við 1% veikingu hennar.

#### 3) Lánshæfi

- a. Í dag er Ísland með lánshæfismatið BBB-. Lækkun á lánshæfismati er lækkun niður í neðsta flokk, svokölluð junk bonds.
- b. Það er mjög mikilvægt að lánshæfismatið verði ekki junk bonds því það mun hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér:
  - i. Sveitarfélög: Ómögulegt að endurfjármagna sig?
  - ii. Landsvirkjun: gjaldþrota?
- c. Nauðsynlegt að stjórnvöld upplýsi hvaða lánshæfismatsfyrirtæki hefur staðfest að þessi skuldbinding hafi ekki áhrif á lánshæfismat.
  - i. Það var mjög mikið tjón að ekki hafi verið haft samband við matsfyrirtæki þegar ríkið þjóðnýtti Glitni að hluta. Þar vanmátu stjórnvöld áhrif aðgerða sinna. Við megum alls ekki við slíku nú.

- ii. Lágmark að til staðar sé grein í samningnum um það að endursamið verði komi til hugsanlegrar lánsþæfislækkunar.
- d. Ef ekki er búið að ræða við matsfyrirtæki og ekki er fyrirvari í samningnum, þá er hætta á því að óbætanlegur skaði verði á efnahag Íslands.

#### 4) Verðmat

- a. Eign er þess virði sem einhver er tilbúinn til að borga fyrir hana.
- b. Það er verið að kynna hugmyndir sem byggja á verðmati.
  - i. Enginn tekur persónulega ábyrgð á þessu verðmati.
- c. Það hefur greinilega ekki tekist að sannfæra Breta og Hollendinga um þetta verðmat annars myndu þeir taka eignir Landsbankans yfir á því verði. Af hverju er eignasafnið ekki selt á verðmati?
- d. Hvers vegna ættum við að taka þetta verðmat trúanlegt ef enginn vill kaupa eignirnar á því verði? Er það kannski miðað við að efnahagssumhverfi heimsins lagist?
- e. Ef Bretar og Hollendingar tækju yfir eignasafnið skv. forsendum samningsins myndi heildar ábyrgð Íslendinga takmarkast við 30 til 160 ma.kr.
- f. Eins og samningurinn er útfærður, hvílir öll ábyrgð varðandi innheimtur eignasafnsins á Íslendingum.

#### 5) Ábyrgð

- a. Þrátt fyrir yfirlýsingar stjórnvalda er alveg ljóst að það er ríkisábyrgð er á allri upphæðinni !!!
  - i. Fáist eitthvað lán ekki greitt til Landsbankans mun ríkið neyðast til að greiða það.
  - ii. Öll upphæðin gæti þannig fræðilega lent á ríkinu þó það sé verulega ólíklegt.
  - iii. Þennan skilning á ríkisábyrgð má t.d. sjá hjá matsfyrirtækjunum sem lækkuðu lánsþæfismat ríkisins þegar ætlunin var að ríkisvæða Glitni.
- b. Það fólk sem tók erlend lán til að fjármagna húsin sín gat ekki séð fyrir hrunið og að lánin myndu hækka svo mikið að fólkíð væri jafnvel gjaldþrota. Það gerðist samt.
- c. Sá sem tekur ábyrgð, ber ábyrgð:
  - i. Hvað gerist ef krónan lækkar umtalsvert?
  - ii. Hvað gerist ef staðan versnar á Íslandi og þjóðarframléiðsla dregst saman?
  - iii. Hvað gerist ef kreppan í heiminum heldur áfram næstu sjö árin og eignirnar lækka bara í verði?
  - iv. Hvað gerist ef UK verður gjaldþrota?
  - v. Hvað gerist ef neyðarlögin standast ekki?
- d. Ríkið mun bera allan skaða af minni innheimtum eigensafns Landsbankans á meðan skuldin til Breta og Hollendinga vex með stöðugum og allt of háum 5,5% vöxtum á ári.
- e. Eins og hækkan erlendra lán heimila og fyrirtækja sýna getur svona óvæntur skaði orðið umtalsverður, sérstaklega ef neyðarlögin standast ekki.
- f. Eru einhver ákvæði í þessum samningi um tilslakanir ef það stefnir í greiðsluþrot Íslands?

#### 6) Neyðarlögin

- a. Með neyðarlögunum voru innlán, bæði íslensk og erlend, sett í forgang.
- b. Ef neyðarlög verða dæmd ógild, verður það fyrirkomulag ekki lengur til staðar og eignir gömlu bankanna skiptast jafnt á alla kröfuhafana.
  - i. Miðað við þær litlu upplýsingar sem birtar hafa verið frá því í nóvember er hægt að áætla að heimtur með jöfnum aðgangi að eignum yrði á bilinu 35-45%.
  - ii. Þannig fengist einungis 40% af eignum á móti innlánunum í stað 100% skv. neyðarlögunum.
- c. Íslenska ríkið þyrfti þá að endurgreiða 60%, eða 600-700 ma.kr. af yfirteknum innlánunum nýju bankanna.
- d. Ef samningurinn er án fyrirvara um að neyðarlögin standist munu íslensk stjórnvöld einnig þurfa að borga til baka vegna erlendu innlánanna (Icesave/Edge) allt að 400 ma.kr m.v. forsendur samningsins.
- e. Ísland fengi því tvöfalt högg í stað eins. Leiðir til gjaldþrots landsins?
  - i.  $600+400 = 1.000$  ma.kr. = 70% af þjóðarframléiðslu
- f. Er eitthvað í samningnum um það hvernig bregðast eigi við því ef neyðarlögin halda ekki?
- g. Vill ríkisstjórnin leggja allt undir að neyðarlögin haldi?